

Ár 2018, miðvikudaginn 25. apríl, kl. 13:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu sambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

**Fyrir er tekið**

**mál nr. 1/2018**

**Valur Knattspyrnudeild**

**gegn**

**Knattspyrnusambandi Íslands**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**dómur.**

**I**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Lúðvík Örn Steinarsson.

**Málavextir.**

Málavextir eru þeir að Ólafur D. Jóhannesson núverandi þjálfari meistaraflokks Knattspyrnudeildar Vals var í viðtali við Gunnlaug Jónsson í þættinum Návígi á netmiðlinum Fótbolti.net þann 1. mars 2018.

Í viðtalinu var farið yfir feril Ólafs D. Jóhannessonar, sem knattspyrnuþjálfara, bæði hjá félagsliðum og karlalandsliði Íslands. Í viðtalinu kom fram hjá Ólafi, eins og fram kemur hér að neðan, að hann teldi að úrslitum í leik Víkings og Völsunga í næst efstudeild á Íslandsmótinu í knattspyrnu árið 2011 hefði verið hagrætt í þágu Víkings, sem vann Völsunga 16 – 0, og komst því í efstu deild á marka mun, en eftir sat lið Hauka sem Ólafur þjálfaði þá.

*„Ég var með Haukana í tvö ár og það var eitthvað sem gerðist bakvið tjöldin sem varð þess valdandi að við fórum ekki upp. Það var ekki fótboltinn,"*

*„Þetta eru óeðlileg úrslit í næstefstu deild í fótbolta. Það er ljóst að það hefur eitthvað annað legið þar að baki."*

*„Það hefur enginn blaðamaður þorað að fara í þetta vegna þess að það hentar kannski ekki. Ég vil meina að einhverjir hafi verið búnir að semja um úrslitin í þessum leik. Tveir leikmenn Völsungs eru reknir út af í fyrri hálfleik. Annar fær gult spjald fyrir eitthvað brot, labbar í burtu og fyrst að hann fékk ekki rautt þá sneri hann sér við og sagði dómurum að þegja eða halda kjafti. Hvað hélt hann að myndi gerast þá? Þetta var ekkert eðlilegt. Við fórum reyndar síðan og unnum Völsung 7-0 í lokaleik en Víkingur fór upp á markatölu."*

Framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands „KSÍ” taldi að í viðtalinu við Ólaf D. Jóhannesson hefði falist ósæmileg framkoma í skilningi 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, og ritað bréf þann 2. mars 2018 til aga og úrskurðarnefndar KSÍ. Í bréfinu var þess óskað að nefndin tæki „framkomu umrædds þjálfara” til skoðunar og ákvarðaði hvort beita skyldi viðurlögum í samræmi við 13. gr. reglugerðarinnar.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 13. mars 2018 var erindi framkvæmdastjóra KSÍ tekið til umfjöllunar, en þá lá jafnframt fyrir greinargerð, sem nefndinni hafði borist þann 9. mars 2018 frá knattspyrnudeild Vals.

Í greinargerð knattspyrnudeildar Vals var þess aðallega krafist að málinu yrði vísað frá vegna efnis- og formgalla, en til vara var á því byggt að að framkoma Ólafs D. Jóhannessonar og þau ummæli sem hann lét falla og að framan eru tilgreind hefðu ekki falið í sér ósæmilega framkomu í skilningi laga og reglna KSÍ um framkvæmd knattspyrnumóta og agamál þeim tengdum.

Aga- og úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að tilvitnuð ummæli Ólafs D. Jóhannessonar hafi verið ósæmileg í skilningi 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Aga- og úrskurðarnefndin ákvað jafnframt „í ljósi alvarleika brotsins“ að sekta knattspyrnudeild Vals um 100.000 krónur með heimild í grein 13.9.5.

Knattspyrnudeild Vals áryjaði úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ þann 19. mars 2018 og gerði þær kröfur:

*Aðallega* er þess krafist að máli KSÍ gegn Knattspyrnudeild Vals og Ólafi Jóhannssyni þjálfara mfl. kk. hjá Val verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

*Til vara* er þess krafist að sektarákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld niður og áfrýjandi verði sýknaður.

*Til þrautavara* er þess krafist að áfrýjanda verði ekki gerð refsing vegna ummæla Ólafs Jóhannessonar í útvarpsviðtali sem birt var 1. mars 2018.

*Til þrautþrautavara* er þess krafist að sekt áfrýjanda verði lækkuð.

Knattspyrnusamband Íslands hefur ekki látið mál þetta til sín taka við áfrýjun.

### **Málsástæður áfrýjanda**

Áfrýjandi byggir á því að efnis- og formgallar hafi verið á málskoti framkvæmdastjóra KSÍ til Aga- og úrskurðarnefndar og því hafi það ekki verið tækt til efnismedferðar og í raun hafi nefndin með úrskurði sínum afmarkað hið meinta sakarefni fyrir kæranda.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt 21. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmála er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum, enda hafi slík atvik ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum. Í greininni er tekið fram að atvik þau sem framkvæmdastjóri KSÍ geti vísað til aga- og úrskurðarnefndar geti verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

Í grein 13.9.5 í reglugerðinni er mælt fyrir um þá refsingu sem aga- og úrskurðarnefnd má beita vegna brota, sem framkvæmdastjóri KSÍ tilkynnir á grundvelli 21. gr. Samkvæmt nefndu ákvæði getur refsing verið sekt að fjárhæð 100.000 krónur, en þó ekki lægri en kr. 50.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Samkvæmt grein 4.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er sérhvert félag ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, lét Ólafur D. Jóhannesson núverandi þjálfari meistaraflokks knattspyrnudeildar Vals engin ummæli falla í tengslum við kappleik á vegum KSÍ.

Ólafur D. Jóhannesson setti hins vegar fram þá skoðun sína í fjölmiðlinum fótbolti.net að úrslit í knattspyrnuleik milli Víkings Reykjavík og Völsunga Húsavík, sem leikinn var árið 2013, og endaði með 16-0 sigri Víkings Reykjavík, hafi verið óeðlileg. Þau úrslit skiptu máli fyrir Hauka Hafnarfirði, sem lék í sömu deild og Víkingur og Völsungur, og átti fyrir leik Víkings og Völsunga möguleika að sæti í efstu deild. Ólafur D. Jóhannesson var þá þjálfari Hauka.

Ólafur D. Jóhannesson lét ummælin því sannanlega falla opinberlega, sem getur verið refsivert, sé öðrum refsiskilyrðum laga og reglugerða KSÍ fullnægt, sbr. dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 2/2016.

Ummæli Ólafs D. Jóhannessonar vörðuðu hins vegar á engan hátt störf hans í þágu knattspyrnudeild Vals, og því er engin heimild samkvæmt lögum og reglum KSÍ til að gera knattspyrnudeild Vals refsingu vegna þeirra. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

#### **Dómsorð:**

Felldur er úr gildi úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 13. mars 2018 á hendur knattspyrnudeild Vals.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Guðmundur Pétursson [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]